

## 1. fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 - 30. september kl. 14:00

Mættir: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Svala Fanney Njálsdóttir, Hermann Gunnar Jónsson, Heiða Björk Pétursdóttir, Elmar Ingi Gunnþórsson og Karen Fatima Róbertsdóttir. Birgir Már Birgisson og Sigurður Baldur Þorsteinsson voru forfallaðir.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Hólmfríður Björnsdóttir

### 1. Hlutverk skólaráðs

Starfandi skólaráð er við alla grunnskóla. Skólaráð beinir erindum til Fræðslu- og æskulýðsnefndar og sveitarstjórnar. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkum fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Skólaráð fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð fjallar um erindi frá nefndum og félögum sem tengjast skólanum á einhvern hátt ef þess er óskað.

### 2. Skóladagatal / Viðburður vetrarins

Skóladagatal tekið fyrir. Nokkrir viðburðir eru í uppnámi í vetur v. Covid-19. s.s skólaheimsóknir samskólanna, mögulega verða ekki foreldraviðtöl nema með breyttu sniði eða bekkjarkvöld með foreldrum. Annað er í nokkuð föstum skorðum.

### 3. Starfsáætlun 2020-2021

Starfsáætlun rædd. Hún er með svipuðu sniði og áður. Nemendafjöldi er svipaður og síðustu 8 ár en stefnir í fækkun á næstu árum. Starfsáætlun má sjá á netinu.

### 4. Áætlun um innra mat

Innra mat veitir upplýsingar um skólastarf, árangur, þróun og endurbætur til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Óformlegt innra mat á sér oft stað. Með innra mati er skólastarfið metið með formlegum hætti. Formlegt innra mat í Grenivíkurskóla hefur aðeins legið í dvala. Stefnt er að áætlun til þriggja ára þar sem ákveðið verður hvað skal tekið sérstaklega fyrir og skoðað. Á skólaárinu 2020-2021 er áherslan lögð á kennsluhætti og upplýsingatækni. Einnig verður áhersla á námsmat. Kennarar munu leggjast í endurskoðun á námsmati í skólanum með það að markmiði að auka áherslu á hæfnimiðað nám í takt við áherslur aðalnámskrá grunnskóla.

### 5. Önnur mál

#### a. Leiksvæði skólans

Leiksvæðið hefur verið óbreytt til margra ára og kominn tími á breytingar. Svæðið er orðið dapurt og lélegt. Svæðið er á langtímafjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Karen og Elmar lögðu til að bæta þyrfti körfuboltakörfuna og að sparkvelli eða körfubolta"parki" væri komið fyrir á leiksvæðinu. Rætt var hvort ekki væri möguleiki á að færa áætlun um endurbætur á leiksvæðinu frammar í röðina miðað við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Til stendur að ráðast í framkvæmdir á forstofu og salernum og hefur skólaráðið áhuga á að

framkvæmdir við leiksvæðið komi á undan því. Skólastjóri mun koma ábendingu þar um á framfæri við FRÆSK.

**b. Breytingar á viðmiðunarstundaskrá**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur til breytinga á viðmiðunarstundaskrá. Lagt er til að auka vægi íslensku á yngsta stigi og náttúrugreina á unglingastigi. Með því móti erum við að færa okkur nær nágrannalöndunum. Ástæðan er að miklu leyti tengd árangri íslenskra nemenda í Pisakönnunum. Umboðsmaður barna og Kennarasambandið hefur, meðal annarra, lýst andstöðu sinni á þessum fyrirætlunum. Á móti mun vægi valgreina minnka. Heiða nefndi að móðurmálskennsla væri um 80% af allri kennslu í 1. og 2. bekk og fannst ekki ástæða til að bæta um betur. Fundarmenn lýstu andstöðu sinni á þessu og vísuðu í t.d Finna sem koma vel út úr Pisa en þeir eru frekar að auka við valgreinar. Þessar breytingar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á viðmiðunarstundaskrá eru í öfuga átt við það sem framúrskarandi þjóð er að gera.

**c. Tölvur og tækni - stefna í tækjakaupum o.fl.**

Stefnt er að því að hver nemandi hafi aðgang að sínum "eigin" tækjakosti. 1. - 4. bekkur hafi iPad til umráða og 5. - 10 bekkur Chromebook til umráða. Staðan núna er sú að 7. - 10. bekkur eru með sína "eigin" Chromebook. 5. - 6. bekkur hafa sína "eigin" tölvu sem er með öllu sem til þarf. Tölvurnar eru þó komnar til ára sinna og með vandkvæðum sem því fylgja. 1. - 4. bekkur er ekki með aðgang að "eigin" tæki en geta komist í tæri við tæki með fyrirhyggju.

Þorgeir er hóflega bjartsýnn á að fá fjármagn og styrki til að klára að dekkja tækjakaup á þessu skólaári en er með allar klær úti og því aldrei að vita.

**d. Covid-mál**

Varðandi Covid-19 vonum við það besta en erum búin undir það versta.

**e. Fundartímar vetrarins**

Gott er að miða fundartíma ráðsins fyrir fundi FRÆSK. Næsti fundur skólaráðsins verður 25. nóv. kl. 14.10. Þriðji fundur verður 24. feb. kl. 14.10. Fjórði og síðasta fundurinn verður 12. maí kl. 14:10.